



Endurheimt votlendis

1. september 2019

Amennar leiðbeiningar:


- Mikilvægt að hafa alltaf tilgang aðgerða alltaf í huga: að hækka grunnvatnsborð á svæðinu og að vatn dreifist jafnt um svæðið (renni ekki bara í gegn á einum stað).
- Nota skal gröfu við verkið, þar sem ýta hefur verið notuð er útkoman ekki nógu góð, hætta er á að rask verði of mikið.
- Mikilvægt er að nota allar gróðurtorfur til að þekja jarðveg, þ.e setja þær til hliðar og hafa þær efst í fyllingum og stíflum, ekki grafa þær undir jarðvegsfyllingar.
- Þar sem halli er á landi, jafnvel þar sem að hann er mjög lítill, verður að huga vel að því að rennsli vatns nái sér ekki á strik í fyrrum skurðarstæði, hvorki í botni né á yfirborði.
- Mikilvægt er að huga vel að flæði vatns inn og út af svæðinu, beina vatni frá gömlum skurðarstæðum og inn í gamla farvegi fyrrum mýrarlækja séu þeir til staðar.

Skurðafyllingar þar sem ruðningar eru til staðar

- Mikilvægt er að þjappa efninu vel ofan í skurðarstæðið og með reglulegu millibili skal moka gróðri úr skurðarstæðinu áður en það er fyllt, til að ná betri þjöppun og festu.
- Þar sem að rúmmál skurðanna er oft meira en rúmmál skurðaruðninga, er mikilvægt að skiptast á að fylla rúmlega í skurðina og fylla tæplega í skurðina, í stað þess að fylla tæplega í skurðina alls staðar.
- Ekki skal jafna yfirborð skurðafyllinga, betra er að hafa það ójafnt og hæðótt.
- Þverbönd úr torfi er gott að setja þar sem innflæði á vatni er til staðar á yfirborði en einnig með ákveðnu millibili þannig vatn í skurðarstæðinu nái ekki rennsl á löngum kafla.
- Þverböndin eru gerð úr torfum/hnausum sem eru lagðar þvert á skurðarstæðið og jafnframt látin ná útfyrir skurðarstæðið. Nauðsynlegt er að þverböndin séu um 30 - 40 cm hærri en skurðarbarmar og nái jafnframt vel út fyrir þá.
- Mikilvægt er að ganga vel og tryggilega frá uppfyllingu í skurðendum.

Stíflur þar sem ruðninga vantar eða þeir eru mjög litlir


- Þar sem stíflur eru gerðar er mikilvægt að vanda til verka. Þær ættu að vera alla vega 3-4 metra breiðar og ef að allur skurðurinn er stíflaður þurfa þær að vera með mjög reglulegu millibili (fer eftir halla hversu reglulegu). Þar er gott að grafa aðeins upp úr skurðinum þannig að uppfyllingin mæti jarðvegi í skurðarstæðinu en gróður sé ekki á milli. Þjappað er með mjög reglulegu millibili þannig að ekki myndist holrými neðst sem að vatn gæti runnið í gegn. Torfur eru hafðar efst, þær láttnar ná vel útfyrir skurðarstæðið og yfirborð haft hærra en umhverfið.
- Nota náttúruleg smíðaefnis (þegar þess þarf) sem að rotnar og þá á jarðvegur og gróður að vera búinn að ná að sjatna og gróa svo það heldur. Allaf að hafa gáróðurtorfur efst og grunna afrennslirás fyrir ofan stíflu/fyrirstöðu sem beinir vatnsrennslir inn á múrlendið.
- Gera stíflur þannig að þær eru hærri en umhverfið og ná vel út fyrir skurðstæðið og hjálpa vatninu að renna í rétta átt með því að gera grunna afrennslirás. Hafa efnistökusvæðið að mestu fyrir ofan stífluna og passa að það sé aðgrunnt þar sem að vatn safnast saman, til að minnka slyshættu enn frekar er hægt að fylla upp með gömlum rúllum.
- Stífla öll ræsi vel, það er gott hald í þeim
- Stífla skurði þar sem að þeir eru mjóstir
- Nýta alla ruðninga og allt aukaefni (hóla, steina) í uppfyllingar.
- Það sem þarf að passa uppá er:
 - Að mannvirki haldi
 - Öryggi fyrir fólk og dýr
 - Að ganga frá svæðinu þannig að það jafni sem fyrst



Almenn gerð stíflna: Fyrir ofan þær er gert aðgrunnt lítið lón og lítill mjög grunnur affalsskurður sem beinir vatninu inn á sterkt og gróið land. Stíflan er aflíðandi vatnsmengin en þarf síður að vera það hinu megin.



Þar sem halli er mjög lítil, skurðir mjög litlir og lítið vatn á ferð er hægt að leyfa sér svona stíflun skurða



Þar sem skurðir eru erfiðir: mjög djúpir, í miklum halla og vatnsálag virðist mikið er gott að nota styrkingarefni ss. Timburborð, gamla símastaura, steina eða eitthvað til styrkingar inn í jarðvegstíflunni.